



Veiðimálastofnun
Sigurður Guðjónsson, forstjóri
Keldnaholti
112 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 18. september 2009
Tilv.: SLR09090150/2.5

Efni: Tilnefning í starfshóp um dragnótaveiðar í Skagafirði


Ráðuneytið vísar til þess að fyrir liggja undirskriftarlistar úr Skagafirði þar sem að lagt er til að sett verði bann við botnlægum veiðarfærum í Skagafirði. Er það einkum veiði dragnótabáta sem verið er að gera athugasemdir við en þeir eru af viðkomandi taldir skaða lífríki fjarðarins sem talið er mjög fjölbreytt. Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur auk þess ítrekað ályktað í sömu veru.

Telja verður að framangreind ósk sé allrar athygli verð og er full ástæða til að hún verði skoðuð nánar. Mikilvægt er að halda í heiðri sjálfbæra nýtingu á náttúruauðlindum okkar og þá ekki síst strandsvæðanna sem eru okkur svo mikilvæg. Fjölbreytt nýting skiptir máli en vafa verður að túlka náttúrinni í hag. Inn í mál þetta blandast fleiri þættir svo sem veiðafærastefna almennt ásamt stjórn fiskveiða við strandir landsins.

Til að meta fram komnar tillögur og þá lífríkisþætti sem hafa verður í huga í þessu sambandi óskar ráðuneytið eftir því að Hafrannsóknastofnunin, Veiðimálastofnun, ásamt rannsóknasetrinu Biopol á Skagaströnd tilnefni fulltrúa í starfshóp til þess að reifa þetta mál út frá fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um áhrif dragnótaveiða í Skagafirði. Það er ætlun ráðuneytisins að grundvalla ákvarðanir um framhald þessa máls á skýrslu starfshópsins.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurgeir Þorgeirsson



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 25. september 2009
Tilv. SLR09090150/2.5

Tilnefning í starfshóp

Veiðimálastofnun tilnefnir Bjarna Jónsson fiskifræðing í starfshóp um dragnótaveiðar í Skagafirði.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri



**SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

**Bjarni Jónsson fiskifræðingur
Veiðimálastofnun
Keldnaholti
112 REYKJAVÍK**

Reykjavík 7. október 2009
Tilv.: SLR09090150/2.5

Efni: Skipunarbréf

Ráðuneytið vísar til þess að fyrir liggja undirskriftarlistar úr Skagafirði þar sem að lagt er til að sett verði bann við botnlægum veiðarfærum í Skagafirði. Er það einkum veiði dragnótabáta sem verið er að gera athugasemdir við en þeir eru af viðkomandi taldir skaða lífríki fjarðarins sem talið er mjög fjölbreytt. Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur auk þess ítrekað ályktað í sömu veru.

Til að meta fram komnar tillögur og þá lífríkisþætti sem hafa verður í huga í þessu sambandi hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveðið að skipa starfshóp sem skal reifa þetta mál út frá fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um áhrif dragnótaveiða í Skagafirði og semja greinargerð sem ráðuneytið geti stuðst við varðandi ákvarðanir um framhald þessa máls.

Í starfshópnum verða: Halldór Gunnar Ólafsson tilnefndur af BioPol, sem jafnframt verður formaður og kallar hópinn saman.

Jón Sólmundsson tilnefndur af Hafrannsóknastofnuninni og
Bjarni Jónson tilnefndur af Veiðimálastofnun.

Þér eruð hér með skipaður í starfshópinn.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurgeir Þorgeirsson